



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda fjölskyldna í Fella- og Hólahverfi sem búa við félagslega einangrun – R19060231

Á fundi Borgarráðs 27. júní sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda fjölskyldna í Fella- og Hólahverfi sem búa við félagslega einangrun, sem vísað var til meðferðar velferðarráðs:

Óskað er eftir upplýsingum um hvað margar fjölskyldur í Fella- og Hólahverfi glíma við félagslega einangrun og hvað mörg börn í hverfinu eru undir fátækramörkum? Það hefur vissulega verið margt gert og ekki er dregið úr því. Hins vegar má segja að Breiðholti sé einstakt vegna fjölbreytileika. Eins og vitað er hefur félagsleg blöndun mistekist á þessu svæði og þarna búa fjölskyldur og einstaklingar sem hafa einangrast mikið. Þar er fjöldi fátækra barna mestur. Í Breiðholti hefur fátækt fólk einangrast. Í Reykjavík ættu engin börn að þurfa að lifa undir fátæktarmörkum. Ástæðan er ekki sú að ekki sé nægt fjármagn til heldur frekar að fjármagni er veitt í aðra hluti og segja má sóað í aðra hluti á meðan láglaunafólk og börn þeirra og öryrkjar ná ekki endum saman. Það væri því eðlilegt og sjálfsagt að borgin sinnti þessu hverfi sérstaklega. Því vill borgarfulltrúi Flokks fólksins fá þessar upplýsingar til að hægt sé að leggja mat á stöðuna og skoða hvað þarf að gera til að bæta hana komi í ljós að hún sé óviðunandi. Ekki er óeðlilegt að Breiðholtið og þá sérstaklega Fella- og Hólahverfi fái sérstaka aðhlyningu enda mesta fjölmeningin þar í allri Reykjavík.

Umsögn:

Í lykiltölum velferðarsviðs er hægt að greina upplýsingar milli fimm þjónustuumdæma í Reykjavík: 1) Vesturbær, Miðborg og Hlíðar, 2) Laugardalur og Háaleiti, 3) Breiðholt, 4) Árbær og Grafarholt og 5) Grafarvogur og Kjalarnes.

Velferðarsvið greinir ekki upplýsingar niður á smærri einingar en ofantalin þjónustuumdæmi.

Rétt er að geta þess að það er vandmeðfarið að mæla upplifanir, eins og félagslega einangrun, hjá börnum jafnt sem fullorðnum. Þó eru ákveðnir þættir sem geta gefið vísbendingu um slíkt, s.s. virkni og ástundun íþrótta og annarra tómsunda, fjárhagsstaða foreldra og félagsleg staða, s.s. atvinnustaða. Þá getur erlent ríkisfang eða búseta í öðru landi en upprunalandi haft áhrif.

Þegar þeir þættir sem geta gefið vísbendingu um félagslega einangrun (fjárhagsstaða foreldra og umsókn um styrk skv. 16. gr. a reglna um fjárhagsaðstoð) eru skoðaðir milli þjónustuumdæma, janúar – júlí 2019, má sjá að flestir foreldrar eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum eða 113. Þar á eftir koma foreldrar í Breiðholti eða 104 talsins (tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi foreldra sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu jan.-júlí 2019 og fjöldi barna þeirra. Skipting eftir þjónustumiðstöðvum.

Þjónustumiðstöð	Fjöldi foreldra	Fjöldi barna
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	113	180
Laugardalur og Háaleiti	75	126
Breiðholt	104	182
Árbær og Grafarholt	49	83
Grafarvogur og Kjalarnes	39	66
Samtals	380	637

Ef fjöldi foreldra sem fá fjárhagsaðstoð af einhverri tegund er skoðaður (tafla 2) eru áður nefnd hverfi með flesta notendur.

Tafla 2. Fjöldi foreldra sem fengu fjárhagsaðstoð af einhverri tegund jan.-júlí 2019 og fjöldi barna. Skipting eftir þjónustumiðstöðvum.

Þjónustumiðstöð	Fjöldi foreldra	Fjöldi barna
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	150	249
Laugardalur og Háaleiti	121	207
Breiðholt	131	230
Árbær og Grafarholt	80	137
Grafarvogur og Kjalarnes	67	110
Samtals	549	933

Fjöldi foreldra með fjárhagsaðstoð til framfærslu, sem sækja um styrk á grundvelli 16. gr. a í reglum um fjárhagsaðstoð (styrkur til að greiða fyrir daggæslu barna í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómsundastarfi) er mestur í Breiðholti (tafla 3). Athygli vekur hins vegar hversu lágt hlutfall foreldra í öllum hverfum sækir um styrkinn. Í Breiðholti eru einungis 49 af 104 foreldrum með fjárhagsaðstoð, sem sækja um.

Tafla 3. Fjöldi foreldra með fjárhagsaðstoð til framfærslu jan.-júlí 2019 og greiðslur skv. gr. 16A og fjöldi barna þeirra.

Skipting eftir þjónustumiðstöðvum.

Þjónustumiðstöð	Fjöldi foreldra	Fjöldi barna
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	37	68
Laugardalur og Háaleiti	33	56
Breiðholt	49	97
Árbær og Grafarholt	17	31
Grafarvogur og Kjalarnes	16	32
Samtals	152	284

Frístundakort barna heyra undir íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar (ÍTR) og óskaði þjónustumiðstöð Breiðholts eftir upplýsingum frá ÍTR um íþróttaiðkun barna í Breiðholti árið 2017. ÍTR framkvæmdi úttekt á grundvelli umbeðinna upplýsinga og kom í ljós að af 2114 skráðum börnum á aldrinum 6-18 ára í póstnúmeri 109 (Breiðholt) æfðu 1184 þeirra eina eða fleiri íþróttagrein eða um 56%, sem var aukning um hálf prósentustig frá árinu 2015. Af 1259 skráðum börnum á aldrinum 6-18 ára í Póstnúmeri 111 (Breiðholt) æfðu 481 barn eina eða fleiri íþróttagrein eða 38%, sem var fækkun um 4% frá árinu 2015. Því miður eru nýrri tölur ekki aðgengilegar hjá ÍTR en yfirlit yfir þróun á íþróttaiðkun barna er í vinnslu hjá ÍTR eftir því sem næst verður komist. (Samantekt úttektarinnar er meðfylgjandi).

Þess má geta að velferðarsvið og þjónustumiðstöð Breiðholts fylgjast með þróun mála hjá þeim hópi sem ofangreindar tölur taka til og hefur verið brugðist við einangrun barna og foreldra þeirra með ýmsum hætti. Náíð samstarf er einnig við skóla- og frístundasvið og félagasamtök um fjölmörg verkefni. Beiðni þjónustumiðstöðvar Breiðholts um úttekt á íþróttaiðkun barna í Breiðholti er dæmi um vinnu sem fór af stað til að meta stöðuna og taka til aðgerða fyrir barnafjölskyldur í Breiðholti.

Í þessu sambandi má einnig nefna eftirfarandi verkefni: *Tinnu*, sem veitir einstæðum forsjáforeldrum og börnum þeirra í Breiðholti aukna aðstoð, *Okkar mál, samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi* en markmið verkefnisins er að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu, *TOM* verkefnið í Fellahverfi sem felst í því að sérmenntaðir málproskaráðgjafar koma í heimsókn til fjölskyldna með 3ja ára börn á leikskóla í 6 skipti þar sem farið er yfir mikilvægi málumhverfis á heimili, *Tuff*, sem sem hefur það að markmiði að auka þátttöku 6-15 ára barna og unglinga í íþrótt- og tómstundastarfi með sérstakri áherslu á börn af erlendum uppruna, *Velkomin verkefnið sem gengur út á að veita innflytjendafjölskyldum aukna þjónustu og upplýsingar um leið og börnin hefja skólagöngu*.

Þá má einnig nefna að Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur verið í miklu samstarfi við frjáls félagasamtök t.d. *Hjólakraft* sem hefur reynst mikið stoð við börn, sem eiga erfitt félagslega í skólanum, *Breiðholtsbrúna* (Hjálparstofnun kirkjunnar og Pepp Ísland) sem er félagsstarf, ætlað til að sameina fólk úr ólíkum áttum og ná til fólks sem býr á einhvern hátt við félagslega einangrun og að lokum *Fjölskyldumiðstöðina* sem er formlegt samstarfsverkefni við Rauða krossinn. Undir hatti fjölskyldumiðstöðvarinnar

hefur einnig verið samstarf um fullorðinsfræðslu, íslenskunámskeið, margvísleg námskeið fyrir foreldra og börn, ráðgjöf fyrir hælisleitendur, samstarf við móðurmáls- og áttahagafélög og kraftmikið félagsstarf fyrir fólk á öllum aldri. Hefur fjölskyldumiðstöðin einnig verið í góðu samstarfi við menningarhúsið sem rekur bókasafn, salarleigu og veitingasölu í sama húsi.

Auk þeirra upplýsinga sem velferðarsvið útbýr til að fylgjast með og meta stöðu mála má benda á upplýsingar sem eru settar fram af ýmsum aðilum sem gagnast í þessum tilgangi.

Landlæknisembættið hefur gefið út svokallaða lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi og er það liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu í hverju umdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild. Lýðheilsuvísunum er ætlað að auðvelda sveitarfélögum og heilbrigðisþjónustu að greina stöðuna í sínu umdæmi, finna styrkleika og veikleika og skilja þarfir íbúanna þannig að þau geti unnið saman að því að bæta heilsu og líðan. Lýðheilsuvísa fyrir höfuðborgarsvæðið 2019 má nálgast á eftirfarandi slóð:

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item37385/Lydheilsuvisar_2019_HOF_UBNDORGARSVAEDID.pdf

Þá hefur Reykjavíkurborg einnig gefið út lýðheilsuvísa fyrir árið 2019: <https://reykjavik.is/sites/default/files/7.6.2019.pdf>

Á þessu ári var gefin út rannsóknarskýrsla um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016, sem unnin var fyrir Velferðarvaktina. Þar koma fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar og m.a. að á heildina litið séu lífskjör barna á Íslandi góð í samanburði við flest önnur Evrópulönd, þau sjöundu bestu mæld í jafngildum ráðstöfunartekjum. Einnig að börn undir lágtekjumörkum á Íslandi séu ekki mjög lagt undir mörkum samanborið við flest önnur Evrópulönd. Að mati Kolbeins Stefánssonar höfundar skýrslunnar eru lífskjör og fátækt barna um margt ólíkt viðfangsefni lífskjörum og fátækt fullorðinna, ekki síst vegna þess að ólíkt fullorðnum bera börn aldrei ábyrgð á eigin afkomu. Lífskjör þeirra leiða fremur af þeim tekjum sem foreldrar þeirra afla og því hvernig gæðum er dreift innan fjölskyldu þeirra (<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=fe83e85e-3b3b-11e9-9435-005056bc530c>).